

**35. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
5. apríl 2016 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakei Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1603117 - Ársþing ÍA 2016**

Miðvikudaginn 13. apríl 2016 verður 72. ársþing ÍA haldið. Dagskráin tekur mið af lögum félagsins auk þess sem hátíðarbragur verður á þinginu því ÍA fagnar 70 ára afmæli á árinu 2016.

Á fundinn mættu Jón Þór Þórðarson íþróttafulltrúi ÍA, Heiðrún Janusardóttir verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála, Helga Sjöfn Jóhannesdóttir varaformaður ÍA og Sigurður Arnar Sigurðsson formaður ÍA.

Skóla- og frístundaráð óskar Íþróttabandalagi Akraness til hamingju með 70 ára afmælið og þakkar ÍA fyrir það mikilvæga starf sem það sinnir í bæjarfélaginu.

**2. 1504152 - ÍA - samráð og samstarf**

Skóla- og frístundaráð og stjórn ÍA hafa sammælt um að eiga samráð og samstarf varðandi aðstöðumál, viðhaldsverkefni og stefnumótun.

Farið var yfir gildandi samning um rekstur og samskipti Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness. Fulltrúar ÍA og ráðsins munu vinna áfram að endurskoðun samningsins.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:25.**

Sigríður Indriðadóttir  
Rakei Óskarsdóttir  
Kristinn H. Sveinsson  
Sigrún Inga Guðnadóttir  
Ásthildur Ósk Ragnarsd.  
Svala Hreinsdóttir